

Bréf

Alþingi
nefndasvið
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2013
2013110011

Efni: Frumvarp til laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (framleiðsla og dreifing áburðar o.fl.), 140. mál. á 143. löggjafarþingi

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. nóvember 2013.

Frumvörp með sama heiti voru lögð fram á 140. og 141. löggjafarþingi. Við framlagningu frumvarpsins á 141. löggjafarþingi voru gerðar tiltekna breytingar frá því frumvarpi sem lagt var fram á 140. löggjafarþingi. Bændasamtök Íslands veittu umsögn um þingmálið á 140. löggjafarþingi og leyfa sér að vísa til þeirrar umsagnar, dags. 22. maí 2012, í meginatriðum (erindi nr. Þ. 140/2609). Annað mál er hvort Matvælastofnun hafi tök á því að sinna viðunandi eftirliti í ljósi umræðu um skertar fjárveitingar. Eftirlit samkvæmt lögunum er hins vegar mikilvægt og skiptir íslenskan landbúnað miklu máli, m.a. vegna sérstöðu framleiðslunnar og gæðaímyndar hennar m.t.t. hreinleika og þess að landið hefur verið laust við marga búfjárjúkdóma. Það er á hinn bóginn mikilvægt að kostnaður við eftirlitið vaxi ekki um of.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson